

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Gaulverjabæjarhrepps 2003-2015, greinargerðarbreyting, þéttbýli, landbúnaðarsvæði - frístundabyggð, Flóahreppur.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 8. júlí 2009 staðfest breytingu á aðalskipulagi Gaulverjabæjarhrepps 2003-2015 frá 16. september 2005.

Breytingin felst í samræmingu ákvæða aðalskipulags fyrrum Hraungerðishrepps, Gaulverjabæjarhrepps og Villingaholtshrepps um heimild til að reisa stök íbúðar- og frístundahús á landbúnaðarsvæðum. Einnig hámarksstærð nýrra svæða fyrir frístundabyggð og nýrra íbúðarsvæða í dreifbýli, skilgreiningum á stærðum lóða og nýtingarhlutfalli, sbr. greinargerð breytingarinnar og auglýsingu í Lögbirtingablaðinu frá 23. október 2008.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 8. júlí 2009.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

\_\_\_\_\_  
*Logi Kjartansson.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 22. júlí 2009